

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

2. málsli. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Ákvæði reglugerðarinnar taka þó ekki til vörugjalds af ökutækjum, vörugjalds af eldsneyti eða áfengisgjalds.

#### 2. gr.

3. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

#### 3. gr.

Orðin „Um greiðslu álags vegna vangreidds áfengisgjalds fer eftir ákvæðum laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.“ í 8. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar falla brott.

#### 4. gr.

Orðin „1. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum“ í 7. gr. reglugerðarinnar falla brott.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. mgr. 5. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 19. apríl 2005.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Elmar Hallgríms.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Fögurvík í landi Pétursborgar í Hörgárbyggð.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Fögurvík í landi Pétursborgar í Hörgárbyggð.

Breytingin felst í því að bætt er við tveimur byggingarreitum (lóðir 11 og 12) austan núverandi frístundabyggðar í Fögurvík. Á uppdrættinum kemur fram að stærð húsanna verði um 63 fm en að öðru leyti er vísað í skilmála með gildandi deiliskipulagi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Glæsibæjarhrepps 15. júní 1993.

Erindi þetta hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og Skipulagsstofnun hefur farið yfir málgögn skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hörgárbyggð, 12. apríl 2005.*

**Helga A. Erlingsdóttir** sveitarstjóri.